

Fréttabréf no. 2 2021 Kiwanisklúbbsins Heklu.

Ágæta Kiwanisfólk, þetta ár byrjaði með heimsókn okkar til Hrafnistuheimilanna í Reykjavík og Hafnarfirði og það vorum við með flugeldasýningu sem Björgunarsveitin Ársæll sá um og um leið styrktum við sveitina.

Frá áramótum höfum við haldið 4 félagsmálafundi og 2 zoom fundi við móðurklúbb Heklunnar í Tallahassi á Flórída. Vonandi verðum við áfram í sambandi við þá í framtíðinni. Seinkun var á ársuppgjöri klúbbsins vegna ástandsins en það kláraðist í janúar.

Í apríl afhenti styrktarnefndin 2 styrki, þ.e. til Ljóssins, endurhæfing fyrir krabbameinssjúka og Íþróttasamband fatlaðra.



Framkvæmdastjórn Íþróttasamband fatlaðra Heklu.
og styrktarnefnd Heklu



Framkvæmdastjóri Ljóssins og styrktarnefnd

Ritari Heklu sótti svæðisráðstefnu Freyjusvæðis 17. Apríl og þar var m.a. tilkynnt ný stjórn og óskum við nýrri stjórn velfarnaðar á næsta starfsári.

Hjálma verkefnið gekk vonum framar. Við afhentum 205 hjálma í 5 skólum og nú eins og í fyrra afhentum við hjálmana í skólana og sáu skólastjórnendur um að koma þeim til barnanna. Samkvæmt upplýsingum sem við höfum gekk það vel. Vonandi getum við farið inn í skólana á næsta ári til að afhenda hjálmana.



400 hjálmar voru sendir til Grænlands í vor og mun sendiherra Íslands á Grænlandi afhenda þá.

Gömul mynd.

Aðalfundur Heklu var haldinn 20. maí heima hjá forseta klúbbsins Sighvati Halldórssyni. Dagskrá fundarins var að kynna nýja stjórn 2021-22 og inntaka nýrra félaga.

Gestir fundarins voru hjónin Óskar Guðjónsson fyrrverandi Evrópu forseti og Konný Hjaltadóttir svæðisstjóri Freyjusvæðis.

Forseti setur fundinn og biður kjörforseta að kynna næstu stjórn.

Forseti, Birgir Benediktsson

Kjörforseti og ritari, Ingólfur friðgeirsson

Vararitari, Hrafn Jökulsson

Gjaldkeri, Stefán Guðnason

Meðstjórnendur, Garðar Hinriksson, Pétur Már Pétursson, Guðmundur Oddgeir Guðmundsson og Ólafur G. Karlsson

Fráfarandi forseti, Sighvatur Halldórsson

Nú var komið að inntöku nýrra félaga. Forseti bað Óskar Guðjónsson fyrrverandi Evrópu forseta að sjá um það. Þetta eru þeir, Haraldur Auðunsson, Áki Jóhannsson og Magnús Hlíðdal Guðjónsson.

Meðmælendur eru Sigurður R. Pétursson og Sighvatur Halldórsson.

Nýju félagarnir sögðu frá sínum högum og meðmælendur mæltu með þeim en síðan kynnti Óskar þeim ýmsar staðreyndir um Kiwanis.



Óskar, Sigurður, Haraldur, Magnús, Áki og Sighvatur



Óskar, Konný og Sighvatur

Eftir góðar veitingar héldu þeir Haraldur og Áki erindi, Haraldur um segulsvið jarðar og það má geta þess að hann er Dr. í jarðeðlisfræði. Áki sagði frá ferðaklúbbnum Geysi, sem ferðast hefur víða um heiminn. Mjög áhugaverð erindi. Heklufélagar þakka forseta heimboðið.

Páskabingóið hjá Hrafnistu í Reykjavík féll niður vegna ástandsins í þjóðfélaginu.

Kiwanisklúbburinn Hekla óskar öllu Kiwanisfólki gleðilegs sumars og vonandi verður haustið betra til fundarhalda og annarra hluta.

26. maí 2021

F.H Kiwanisklúbbsins Heklu.

Birgir Benediktsson

ritari.